

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Þjóðólfshagi, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðólfs-haga. Deiliskipulagið tekur til skipulags á íbúðarbyggð í stað frístundabyggðar. Á hverri lóð er heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr, útihús/skemmu og/eða gróðurhús. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi um Þjóðólfsveg.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

#### *Ægissíða 4, ferðaþjónusta, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Ægissíðu 4. Fyrirhuguð er áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu á svæðinu, annars vegar með áframhaldandi uppbyggingu á afþreyingarferðaþjónustu og þá aðallega í tengslum við hellaskoðunarferðir. Hins vegar uppbygging gistiþjónustu með því að fjölga sumarhúsum á svæðinu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Íbúðarsvæði austan Árbæjarvegur, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðar-svæði austan Árbæjarvegur. Gert verði ráð fyrir allt að 20 íbúðarlóðum þar sem gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa, bílskúra og gestahúsa auk tengdra bygginga. Aðkoma er af Árbæjarvegi (271).

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Í gildi eru þrjár útgáfur af deiliskipulagi á svæðinu frá árunum 2011 til 2021 sem verða felld úr gildi samhliða gildistöku þessa skipulags.

Hellu, 31. janúar 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.